

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Framlenging Breiðholtsverkefnisins

Á fundi borgarráðs þann 30. apríl 2015 var svohljóðandi tillaga samþykkt:

Borgarráð samþykkir að framlengja til loka árs 2015 Breiðholtsverkefnið – tilraunaverkefni í Breiðholti um sérstakan hverfisstjóra og aukið íbúalýðræði. Borgarráð felur stýrihópi verkefnisins og hverfisstjóra að koma með tillögur um áframhaldandi þróun íbúalýðræðis og fyrirkomulag þjónustu og stjórnsýslu í hverfinu í samráði við stjórnkerfis- og lýðræðisráð. Tillögurnar byggi á styrkleikum núverandi tilraunaverkefnis og miði að því að auka enn frekar gæði þjónustu við íbúa hverfisins. Tillögugerð skal lokið fyrir 1. nóvember nk.

Greinargerð

Tilraunaverkefni um samræmda þjónustu borgarinnar í Breiðholti var samþykkt í borgarráði í nóvember 2011 og hófst verkefnið í ársbyrjun 2012. Markmið þess er að þjónusta Reykjavíkurborgar í hverfinu verði heildstæðari, markvissari og samhæfðari, íbúum hverfisins til hagsbóta, en því er jafnframt ætlað að nýta auðlindir borgarinnar betur, s.s. húsnæði og starfsfólk. Þetta starf hefur verið leitt af sérstökum hverfisstjóra sem jafnframt er framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Samkvæmt stöðumati sem Stofnun stjórnsýslufræða við Háskóla Íslands vann í lok árs 2014 er nýsköpunargildi Breiðholtsverkefnisins mikið. Sérstaklega er bent á kosti hins þverfaglega samstarfs sem komið hefur verið á laggirnar í hverfinu. Margir þættir sem þróaðir hafa verið innan vébanda verkefnisins gætu hentað vel til innleiðingar í öðrum hverfum borgarinnar. Áhersla hefur verið lögð á valdeflingu, samþættingu og framþróun í hverfinu með ríkulegri aðkomu íbúa. Enn eru þó fjölmörg verkefni í vinnslu og þróun, t.d. viðamikil samþættingarverkefni um Heilsueflandi Breiðholt og fjölskyldumiðstöð í Gerðubergi. Ástæða er því til að framlengja verkefnið og móta til framtíðar.

Þórhildur L. Ólafsdóttir
e.u.

Samrit:
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Hverfisstjóri Breiðholts